

## Skólaráðsfundur 6. apríl 2011

Fundinn sátu:

Óskar Björnsson, Steinunn Valdís Jónsdóttir, Hulda Jónsdóttir, Guðbjörg Helgadóttir, Inga Lára Sigurðardóttir, Helga Þórsdóttir og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Starfsreglur
2. Skóladagatal 2011-12
3. Önnur mál

#### 1. Starfsreglur.

Umræða um drög að starfsreglum skólaráðs sem lagðar voru fram á síðasta fundi til kynningar. Breytingatillögur komu fram og voru samþykktar. Starfsreglur skólaráðs verða birtar á vef skólans.

#### 2. Skóladagatal 2010-2011.

Rætt um skóladagatal næsta skólaárs. Samkvæmt því hefst skólastarf 15. ágúst með starfsmannafundi, skólasetning verður 23. ágúst. Gert er ráð fyrir 5 starfsdögum á skólaárinu. Vetrarleyfi verður 21. og 24. október og 22. - 24. febrúar. Gert er ráð fyrir skólaslitum 5. júní. Skólaráð leggur til að skólaslit verði færð til 1. júní og starfsdagur vegna námsmats sem vera átti 31. maí verði 25. maí. Þessi tillaga verður lögð fyrir starfsmannafund fljótlega en einnig þarf að hafa samráð við aðra skóla í sveitarfélaginu við vinnslu skóladagatalsins, auk þess sem það er lagt fyrir fræðslunefnd. Allir hagsmunaaðilar geta komið með athugasemdir í vinnsluferlinu. Einnig var rætt um tímasetningar á skólaslitum á þessu skólaári.

#### 3. Önnur mál.

- Þátttaka nemenda/foreldra í sjálfsmati skólans. Sjálfsmat skólans hefur fram að þessu einungis verið í höndum starfsmanna, en fyrirhugað er að bjóða nemendum og foreldrum að taka þátt í sjálfsmati skólans í tengslum við þætti sem að þeim snúa. Um 20 nemendur munu taka þátt í þessu tilraunaverkefni að morgni þriðjudags 12. apríl. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og kennsluráðgjafi munu stýra vinnunni. Foreldrum í stjórn foreldrafélags, skólaráði og tengiliðum verður einnig boðið að taka þátt í sjálfsmatsvinnu sama dag kl. 17:00-18:45. Aðrir áhugasamir foreldrar sem óska eftir að taka þátt geta skráð sig til þátttöku hjá ritara.
- Byggingamál. Skólastjóri upplýsti að arkitekt skólans er væntanlegur í heimsókn í næstu viku til að skoða aðstæður og hitta bygginganefnd.
- Sorpflokkun. Skipulag á sorpflokkun er í ferli. Sett hefur verið saman teymi sem mun skipuleggja hvernig staðið verður að flokkun í skólanum. Teymið hefur haldið 2 fundi og vonast er til að flokkun í báðum skólahúsum og Árvist fari í gang í maí ef allt gengur að óskum.

- Umferðarmál. Rætt um hættu sem skapast við skólahúsið við Skagfirðingabraut þegar nemendur sem ljúka skóla u.þ.b. kl. 14:00 nota ekki gangbraut, heldur fara stystu leið yfir götu. Einnig rætt um hjálmanotkun o.fl. Reynt verður að fá lögregluna í heimsókn til að fara yfir þessi mál með nemendum.

Næsti fundur skólaráðs fyrirhugaður miðvikudaginn 4. maí kl. 15:30.